

vík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins óskipt kr. 35.000 í málskostnað.

Greiðslur þessar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1982.

Nr. 29/1981. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Ingvari Sigurjóni Garðarssyni
 (Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn fjórum mönnum, og undu þeir allir við héraðsdóm nema ákærði, en málinu er að því er hann varðar skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1980 að ósk hans, og hefur ákærvaldið áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip málsins barst Hæstarétti 23. júní 1981.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með háttsemi sinni, sem lýst er í 4., 5., 7.—10., 12. og 13. lið ákæru 24. mars 1980, en hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari því yfir, að ákæruefni í 11. lið ákæru tæki ekki til ákærða. Refsingur ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir. Fjárkröfu Olúfélagsins Skeljungs að fjárhæð 10.000 gamlar krónur, er varðar 11. lið ákæru, ber að vísa frá dómi að því er ákærða varðar, sbr. 146. gr. laga nr. 74/

1974. Að öðru leyti eiga ákvæði héraðsdóms um skaðabætur að vera óröskuð. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ingvar Sigurjón Garðarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Framangreindri fábótakröfu er vísað frá dómi, en ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta eiga að öðru leyti að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 9. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryrssiyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 372—375/1980: Ákærvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssiyni, Ingvari Sigurjóni Garðarssiyni, Ólafi Gunnari Sigurðssiyni og Sigurði Guðnasyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 24. mars og 19. maí 1980. Með ákærunni 24. mars sl. er málið höfðað gegn Bjarna Leifi Péturssiyni verkamanni, Njálsgötu 20, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. júní 1958, Ingvari Sigurjóni Garðarssiyni sjómanni, Vesturbraut 18, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 6. nóvember 1954, og Ólafi Gunnari Sigurðssiyni verkamanni, Ásgarði 41, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. maí 1959, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að standa saman í september 1979 að fölsun og notkun á samtals 13 tékkum úr tékkhefti

Valdimars Bergssonar við Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Hafnarfirði, en ákærðu rituðu tékkana á víxl með nefndu nafni sem útgefanda og ýmsum reikningsnúmerum, og eru tékkarnir gefnir út til handhafa 23. september 1979 og notaðir í Reykjavík, nema annars sé getið. Þá framseldu þeir tékkana á víxl, en nutu andvirðisins saman, nema annars sé getið:

1. Nr. 324731, kr. 5.000, reikningsnúmer 1459. Ritaður og notaður af ákærða Bjarna Leifi einum.

2. Nr. 324732, kr. 5.000, reikningsnúmer 1419. Ritaður og notaður af sama án þátttöku hinna. Seldur í veitingahúsinu Skrinunni við Skólavörðustíg.

3. Nr. 324734, kr. 5.000, reikningsnúmer 1495. Ritaður og notaður af sama án þátttöku hinna. Seldur í veitingahúsinu Borgarannum, Hafnarstræti 20.

4. Nr. 324737, kr. 15.000, reikningsnúmer 2247. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnari. Notaður til kaupa á áfengi.

5. Nr. 324739, kr. 30.000, reikningsnúmer 4469. Sama og nr. 4, en seldur hjá Esso.

6. Nr. 324740, kr. 5.000, reikningsnúmer illa læsilegt. Ritaður og notaður af ákærða Bjarna Leifi einum. Seldur í versluninni Ösp, Strandgötu 11, Hafnarfirði.

7. Nr. 324741, kr. 10.000, reikningsnúmer 4469. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, einnig með nafni Valdimars Bergssonar sem framseljanda. Notaður til greiðslu á vörum í Nesti í Fossvogi.

8. Nr. 324744, kr. 7.445, sama reikningsnúmer. Ritaður af sama. Notaður í söluturninum Týsgötu 1.

9. Nr. 324746, kr. 10.000, sama reikningsnúmer. Ritaður af sama, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnarssyni. Notaður til kaupa á áfengi.

10. Nr. 324747, kr. 45.000, sama reikningsnúmer. Sama og í nr. 9. Notaður á Hótel Esju.

11. Nr. 324748, kr. 10.000, reikningsnúmer 1495. Ritaður af ákærða Ólafi Gunnari og seldur á Shellstöð.

12. Nr. 324749, kr. 20.000, reikningsnúmer 4469. Ritaður af ákærða Ingvari Sigurjóni, en framseldur af ákærða Ólafi Gunnari. Seldur á bensínstöð Olís v/Lyngholt í Garðabæ.

13. Nr. 324750, kr. 40.000, reikningsnúmer 6769, dagsettur 28. september. Ritaður og notaður af ákærða Ingvari Sigurjóni einum. Seldur í söluturninum, Hellisgötu 18, Hafnarfirði.

Teljast verknaðir í liðum 4—5 og 7—12 eiga við alla ákærðu, en í liðum 1—3 og 6 við ákærða Bjarna Leif einan og í lið 13 við ákærða Ingvar Sigurjón einan.

Þá er málið höfðað gegn ákærða Bjarna Leifi Péturssyni einum fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga með því að stela seðlaveski af nefndum Valdimar Bergssyni í veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 23. september 1979, en í veskinu voru auk fyrrnefnds tékkheftis kr. 20.000 í peningum og persónuskilríki.“

Með ákærinni frá 19. maí sl. er málið höfðað gegn ofangreindum Bjarna Leifi Péturssyni og Sigurði Guðnasyni verkamanni, Hólmgarði 64, Reykjavík, fæddum þar í borg 22. janúar 1953, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa nöfn á tékka og nota í viðskiptum. Brotin eru framin í Reykjavík í janúar 1980, nema annars sé getið:

I.

Gegn ákærða Bjarna Leifi Péturssyni einum fyrir fölsun og notkun á eftirtöldum tékkum á eyðublöðum frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, nema síðastnefndi tékkinn, sem er á eyðublaði frá Landsbanka Íslands, Laugavegi 77:

1. Nr. 686819, kr. 20.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 1840. Greiddar veitingar í veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 19.

2. Nr. 686820, kr. 35.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greiddur farmiði hjá Flugfélagi Íslands og fengnir peningar til baka.

3. Nr. 686821, kr. 11.545, dagsettur 11. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 2402. Seldur í söluturninum Teningnum, Snorrabraut 38.

4. Nr. 686823, kr. 25.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars V. Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar V. Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greiddar veitingar í Brauðbæ, Þórsgötu 1.

5. Nr. 686825, kr. 12.000, dagsettur 11. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Greitt fyrir aðgöngumiða í Tónabíó.

6. Nr. 4298707, kr. 10.000, dagsettur 12. janúar 1980, til handhafa. Nafn útgefanda Ingi Karlsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8042. Greiddar vörur í söluturni verslunarinnar Beiðholtskjör.

II.

Gegn ákærðu báðum fyrir fölsun og notkun á eftirtöldum þremur tékkum, fyrstnefnda á eyðublaði frá Alpýðubankanum og hinum á eyðublöðum frá Landsbankanum:

1. Nr. 686822, kr. 60.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Einars Þórðarsonar. Nafn útgefanda Jón Rögnvaldsson og framseljanda Einar Þórðarson. Reikningsnúmer 8620. Ákærði Bjarni Leifur Pétursson ritaði tékkann, en ákærðu í félagi greiddu með honum veitingar í veitingahúsinu H—100 við Hafnarstræti á Akureyri.

2. Nr. 3762725, kr. 140.000, dagsettur 12. janúar 1980, til Sigurðar Guðnasonar. Nafn útgefanda Jón Guðjónsson. Reikningsnúmer 2407. Ritaður af ákærða Bjarna Leifi og framseldur af ákærða Sigurði í Landsbankanum á Akureyri. Nutu ákærðu andvirðisins saman.

3. Nr. 4298724, kr. 45.000, dagsettur 11. janúar 1980, til Sigurðar Guðnasonar. Nafn útgefanda Gunnar Jónsson. Reikningsnúmer 78389. Ritaður af Bjarna Leifi og framseldur af Sigurði og notaður af þeim til greiðslu á farmiðum hjá Flugleiðum.“

Þess er krafist í báðum ákærum, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru sem hér segir:

Ákæra, dagsett 24. mars 1980.

1. Hinn 23. september 1979 falsaði ákærði Bjarni Leifur tékka nr. 324731 úr tékkhefti Valdimars Bergssonar við Iðnaðarbanka Íslands h/f, útibúið í Hafnarfirði, á reikningsnúmer 1459, með nafni ofangreinds Valdimars, að fjárhæð kr. 5.000, og hagnýtti ákærði sér andvirði tékkans.

2. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur á sama hátt tékka nr. 324732 á reikningsnúmer 1419, að fjárhæð kr. 5.000. Notaði hann tékkann til greiðslu á veitingum í veitingahúsinu Skrínni.

3. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur á sama hátt tékka nr. 324734 á reikningsnúmer 1495, að fjárhæð kr. 5.000. Notaði hann andvirðið til kaupa á veitingum .

4. Sama dag falsaði ákærði Ingvar Sigurjón tékka úr ofangreindu hefti, nr. 324737 á reikningsnúmer 2247, með ofangreindu nafni. Tékkinn var að fjárhæð kr. 15.000 og var framseldur af ákærða Ólafi Gunnari, en ákærðu seldu tékkann saman og nutu allir andvirðis hans.

5. Sama dag falsaði ákærði Ingvar Sigurjón á sama hátt tékka nr. 324739, á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 30.000, en ákærðu seldu allir tékkann hjá Oliufélaginu h/f.

6. Sama dag falsaði ákærði Bjarni Leifur tékka nr. 324740 á illa læsilegt reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 5.000, og seldi ákærði hann í versluninni Ösp.

7. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði sama dag nafn Valdimars Bergssonar sem útgefanda og framseljanda á tékka nr. 324741 á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Bjarni Leifur hafa játað að hafa notað andvirði tékka þessa í Nesti við Elliðaár, en ákærði Ólafur Gunnar man ekki til þess að hafa tekið þátt í því, þótt hann vefengi það ekki.

8. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði á sama hátt tékka nr. 324744 á sama reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 7.445. Ákærðu Ingvar Sigurjón og Bjarni Leifur hafa viðurkennt að hafa notað andvirði tékkans í söluturni að Týsgötu 1, en ákærði Ólafur Gunnar kannast ekki við það.

9. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324746 á sama reikningsnúmer, að fjárhæð kr. 10.000, en ákærði Ólafur Gunnar framseldi tékkann, og notuðu ákærðu allir andvirði hans.

10. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði á sama hátt tékka nr. 324747 á sama reikningsnúmer, og Ólafur Gunnar framseldi hann, að fjárhæð kr. 45.000, en tékka þennan notuðu allir ákærðu til greiðslu á veitingum á Hótel Esju.

11. Ákærði Ólafur Gunnar falsaði tékka nr. 324748 á reikningsnúmer 1495, að fjárhæð kr. 10.000, sem seldur var á Shell-stöð, en ákærðu notuðu allir andvirði tékkans.

12. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324749 á reikningsnúmer 4469, að fjárhæð kr. 20.000, sem Ólafur Gunnar framseldi á bensinstöð Olís í Garðabæ, en ákærðu eyddu andvirðinu allir saman.

13. Ákærði Ingvar Sigurjón falsaði tékka nr. 324750 á reikningsnúmer 6769, dagsettan 28. september 1979, að fjárhæð kr. 40.000. Framseldi ákærði tékkann með fölsuðu nafni Sigurgeirs Halldórs í söluturni að Hellisgötu 18, Hafnarfirði, og notaði hann andvirðið einn.

Framangreint atferli ákærðu telst sannað með eigin framburðum þeirra fyrir dómi og öðrum gögnum málsins að því undanskildu, að ekki þykir nægilega sannaður þáttur ákærða Ólafs Gunnars í atferli því, sem lýst er í liðum 7 og 8, og er hann því sýknaður að þeim ákæruliðum. Ákærði Bjarni Leifur telst einn sannur að sök um atferli það, sem lýst er í liðum 1—3 og 6, ákærðu allir um atferli það, sem lýst er í liðum 4—5, ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón um atferli það, sem lýst er í liðum 7—8, ákærðu allir um atferli skv. liðum 9—12 og ákærði Ingvar Sigurjón einn um atferli það, sem lýst er í lið 13. Varðar atferli þetta við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá er ákærði Bjarni Leifur í ákærinni ákærður fyrir að hafa stolið veski Valdimars Bergssonar í veitingahúsinu Klúbbnum aðfaranótt 23. september 1979, en í veski þessu voru auk framangreinds tékkheftis kr. 20.000.

Ákærði hefur fyrir dómi neitað því, að hann hafi stolið veski þessu. Hins vegar hafi hann fundið veski í Klúbbnum umrætt sinn, annað hvort í anddyri eða fyrir utan. Í því hafi verið ávísanahefti, en hann taldi ólíklegt, að í því hefðu verið peningar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 24. september 1979 kvaðst ákærði viss um, að sér hefði tekist að stela ávísanahefti í Klúbbnum greint sinn. Hann kvaðst þó ekkert muna eftir þessu atviki né frá hverjum hann tók veskið. Hann vissi einungis, að hann var með þetta veski, þegar hann vaknaði morguninn eftir. Við yfirheyrslu næsta dag kvaðst hann og ekki vefengja, að peningar kynnu að hafa verið í veskinu, og væri það reyndar líklegt. Fyrir dómi kvað ákærði þennan framburð sinn hjá rannsóknarlögreglu vera marklausan og sé þetta einungis skýrsla rannsóknarlögreglumannsins.

Ákærði Ingvar Sigurjón hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði Bjarni Leifur hafi tjáð sér, að hann hefði stolið umræddu veski í Klúbbnum. Ákærði Ólafur Gunnar kvað sér ekki hafa verið kunnugt um það, hvernig ákærði Bjarni Leifur komst yfir umrætt veski og ávísanahefti.

Eigandi veskisins, Valdimar Bergsson, Sléttahrauni 29, Hafnarfirði, kveðst hafa glatað veskinu í Klúbbnum að kvöldi 22. september eða aðfaranótt 23. september 1979, en hann gat ekki nánar gert grein fyrir því, hvernig það bar að.

Þegar framanritað er virt, þykir ekki unnt að telja sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi umrætt sinn gerst sekur um

þjófnæð á framangreindu veski, þannig að varði við 244. gr. almennra hegningarlaga, og er hann því sýknaður af þeim lið ákærunnar.

Ákæra, dagsett 19. maí 1980.

I.

1. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686819 frá Alþýðubankanum, dags. 11. janúar 1980, með nafni Jóns Rögnvaldssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda, á reikningsnúmer 1840, að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á veitingum hjá veitingahúsinu Horninu.

2. Ákærði Bjarni Leifur falsaði á sama hátt tékka frá sama banka, nr. 686820, á reikningsnúmer 8620, dags. 11. janúar 1980, að fjárhæð kr. 35.000. Notaði ákærði andvirði tékkans til greiðslu fargjalds hjá Flugfélagi Íslands.

3. Ákærði Bjarni Leifur framseldi enn á sama hátt tékka nr. 686821, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 2402, að fjárhæð kr. 11.545. Seldi hann tékkann í söluturninum Teningnum, Snorrabraut 38.

4. Ákærði Bjarni Leifur falsaði með sömu nöfnum tékka nr. 686823, á reikningsnúmer 8620, að fjárhæð kr. 25.000, sem hann notaði til greiðslu á veitingum hjá Brauðbæ.

5. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686825, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 8620, að fjárhæð kr. 12.000, sem hann notaði til greiðslu á aðgöngumiða í Tónabíói.

6. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 4298707, á eyðublað frá Landsbanka Íslands, á reikningsnúmer 8042, dags. 12. (mánudur ekki tilgreindur) 1980, að fjárhæð kr. 10.000, með nafni Inga Karlssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda. Notaði ákærði tékkann til greiðslu á vörum í versluninni Breiðholt skjör.

Framangreint atferli ákærða Bjarna Leifs er sannað með játningum hans fyrir dómi og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

1. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 686822 frá Alþýðubankanum h/f á reikningsnúmer 8620, dags. 11. janúar 1980, að fjárhæð kr. 60.000, með nafni Jóns Rögnvaldssonar sem útgefanda og Einars Þórðarsonar sem framseljanda. Notaði hann

síðan tékkann ásamt ákærða Sigurði Guðnasyni til greiðslu á veitingum í veitingahúsinu H—100 á Akureyri.

2. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 3762725 frá Landsbanka Íslands, á reikningsnúmer 2407, dags. 12. janúar 1980, að fjárhæð kr. 140.000, stílaðan til Sigurðar Guðnasonar, en með nafni Jóns Guðjónssonar sem útgefanda. Ákærði Sigurður framseldi tékkann í Landsbankanum á Akureyri, og notuðu ákærðu andvirðið saman.

3. Ákærði Bjarni Leifur falsaði tékka nr. 4298724 frá sama banka, dags. 11. janúar 1980, á reikningsnúmer 78389, að fjárhæð kr. 45.000, með nafni Gunnars Jónssonar sem útgefanda, til Sigurðar Guðnasonar. Ákærði Sigurður framseldi tékkana, og notuðu ákærðu andvirðið saman til greiðslu fargjalds hjá Flugleiðum.

Ákærðu hafa viðurkennt framangreint atferli fyrir dómi, og eru játningar þeirra í samræmi við önnur gögn málsins. Telst það því sannað og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Bjarni Leifur hefur áður sætt þessum refsídómum:

1975 8 mánaða fangelsi fyrir rán.

1975 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1976 sakfelldur fyrir árás og hylmingu, en refsing ekki dæmd.

1976 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1977 sakfelldur fyrir skjalafals, þjófnað, hylmingu og nytjastuld, en refsing ekki dæmd.

1977 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals.

1978 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og ólögæta meðferð fundins fjár.

1979 (19. febrúar) 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1979 (23. ágúst) 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1980 (24. janúar) 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

1980 (22. maí) 6 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás.

1980 (19. júní) 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson hefur áður sætt þessum refsídómum:

1976 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.

1978 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.

1980 (7. febrúar) 8 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld og ölvun við akstur.

Ákærði Ólafur Gunnar Sigurðsson hefur ekki sætt kærnum og refsingum fyrr.

Ákærði Sigurður Guðnason hefur áður sætt þessum refsidómum:

- 1974 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir þjófnað.
- 1976 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir skjalafals.
- 1976 sakfelldur fyrir þjófnað, en ekki gerð refsing.
- 1977 6 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld.
- 1977 4 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og svik.
- 1977 sakfelldur fyrir þjófnað, en ekki dæmd refsing.
- 1977 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
- 1978 1 mánaðar fangelsi fyrir hylmingu.
- 1980 (16. janúar) 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.
- 1980 (14. mars) 15 daga fangelsi fyrir líkamsárás (217. gr.).
- 1980 (14. apríl) 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Við ákvörðun refsingar ákærða Bjarna Leifs ber að líta til þess, að hann á að baki verulegan brotaferil. Hliðsjón ber og að hafa af 78. gr. hegningarlaga, þar sem ákærði hefur hlotið refsidóma, eftir að hann framdi brot sín, svo og af 77. gr. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ingvars Sigurjóns verður litið til sakaferils hans, og hafa verður hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga með tilliti til dóms frá 7. febrúar sl. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Þegar ákærða Ólafi Gunnari eru ákveðin viðurlög, ber að hafa í huga, að hann hefur aldrei áður sætt kærnum eða refsingum. Með hliðsjón af því og ungunum aldri hans þykir mega fresta ákvörðun refsingar og láta hana niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna svo og bótaskilorð.

Refsing ákærða Sigurðar Guðnasonar verður ákvörðuð með hliðsjón af verulegum brotaferli hans, en jafnframt litið til dóma þeirra, sem hann hefur hlotið, eftir að hann framdi brot sitt, sbr. 78. gr. hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 mánuð.

Eftirfarandi bótakröfur hafa komið fram í málinu:

Varðandi ákæru, dagsetta 24. mars 1980:

Ákæruliður 1. Frammi liggur krafa frá Iðnaðarbanka Íslands vegna tékka þess, sem um var fjallað í þessum ákærulið, að fjárhæð kr. 5.000. Er gerð krafa um greiðslu tékkafjárhæðar-

innar, og hefur ákærði Bjarni Leifur samþykkt hana. Verður hann dæmdur til að greiða bankanum þessa fjárhæð. Bankinn hefur ekki lagt fram sundurliðaða vaxtakröfu, og verður því ekki kveðið á um greiðslu vaxta.

Ákæruliður 3. Frammi liggur krafa Jóns Helga Jóhannssonar f. h. Borgarans, Hafnarstræti 20, um greiðslu andvirðis tékka þess, er þessi ákæruliður fjallar um, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar, en ekki tildæmdir vextir, þar sem sundurliðuð krafa um þá liggur ekki fyrir.

Ákæruliður 5. Frammi liggur krafa frá Olúfélaginu h/f um greiðslu á andvirði tékka þess, sem þessi ákæruliður fjallar um, að fjárhæð kr. 30.000. Ákærðu Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar. Ekki verða dæmdir vextir í þessu sambandi, þar sem vaxtakrafa er ekki sundurliðuð.

Ákæruliður 6. Frammi liggur krafa frá Gunnlaugi F. Gunnlaugssyni vegna tékka, heyrandi undir þennan ákærulið, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt bótakröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu ofangreindrar fjárhæðar.

Ákæruliður 7. Gerð hefur verið krafa af hálfu Nestis h/f um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón hafa samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 8. Frammi liggur krafa Gunnars Brynjólfssonar f. h. söluturnsins að Týsgötu 1 um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, kr. 7.445. Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón hafa samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 9. Frammi liggur bótakrafa Rammagerðarinnar vegna tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærðu Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 10. Frammi liggur í málinu krafa Hótelis Esju um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 45.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt bótakröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 11. Frammi liggur krafa Olíufélagsins Skeljungs h/f um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir til að greiða hana in solidum. Ekki verður dæmt um vaxtakröfu, þar sem hún er ekki sundurliðuð.

Ákæruliður 12. Halldór Gíslason, Álfröð 7, Kópavogi, hefur f. h. bensínstöðvar Olís við Lyngholt í Garðabæ gert kröfu um greiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 20.000. Framangreindir ákærðu hafa allir samþykkt bóta-kröfu þessa, og verða þeir in solidum dæmdir til greiðslu hennar.

Ákæruliður 13. Guðni Einarsson f. h. söluturns að Helligstötu 18, Hafnarfirði, hefur gert kröfu um greiðslu andvirðis tékka, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 40.000. Ákærði Ingvar Sigurjón hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Varðandi ákæru, dagsetta 19. maí 1980:

I.

Ákæruliður 1. Frammi liggur krafa veitingahússins Hornsins, Hafnarstræti 19, um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér er um fjallað, að fjárhæð kr. 20.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 2. Frammi liggur krafa Péturs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns f. h. Flugleiða h/f um greiðslu á andvirði tékka, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 35.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt bóta-kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 3. Erla Guðmundsdóttir, Grettisgötu 86, hefur gert kröfu um endurgreiðslu andvirðis tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 11.545. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 4. Veitingahúsið Brauðbær, Þórsgötu 1, hefur gert kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 5.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfuna, og er hún tekin til greina.

Ákæruliður 5. Af hálfu Tónabíós hefur verið gerð krafa um greiðslu á tékka þeim, sem þessi ákæruliður fjallar um, að fjár-

hæð kr. 12.000. Ákærði Bjarni Leifur samþykkir kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

Ákæruliður 6. Verslunin Breiðholtskjör hefur gert þá kröfu, að henni verði endurgreitt andviði tékka þess, sem hér um ræðir, að fjárhæð kr. 10.000. Ákærði Bjarni Leifur hefur samþykkt kröfu þessa, og verður hún tekin til greina.

II.

Ákæruliður 1. Veitingahúsið H—100 á Akureyri hefur gert kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem um er fjallað í þessum ákæruliði, að fjárhæð kr. 60.000. Ákærðu Bjarni Leifur og Sigurður hafa samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir til að greiða hana in solidum.

Ákæruliður 2. Landsbanki Íslands hefur gert kröfu um, að andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, verði greitt bankanum, þ. e. kr. 140.000 auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags. Framangreindir ákærðu hafa samþykkt kröfu þessa, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu hennar.

Ákæruliður 3. Landsbanki Íslands gerir kröfu um greiðslu á andvirði tékka þess, sem hér um ræðir, kr. 45.000 auk 4.5% vanskilavaxta á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags. Framangreindir ákærðu hafa samþykkt þá kröfu, og verða þeir dæmdir til greiðslu hennar in solidum.

Að lokum verða ákærðu dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal ákærði Bjarni Leifur til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 80.000, og ákærði Sigurður til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 60.000. Annar málskostnaður skal skiptast þannig, að ákærði Bjarni Leifur greiði 2/3 hluta, en hinir ákærðu 1/3 hluta in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Sigurður Guðnason sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákvörðun refsingar ákærða Ólafs Gunnars Sigurðssonar er frestað, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og bótaskilorð.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson greiði Iðnaðarbanka Íslands kr. 5.000, Borgaranum, Hafnarstræti 20, kr. 5.000, Gunnlaugi F. Gunnlaugssyni, Strandgötu 11, Hafnarfirði, kr. 5.000, veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 19, kr. 20.000, Flugleiðum h/f kr. 35.000, Erlu Guðmundsdóttur, Grettisgötu 86, kr. 11.545, veitingahúsinu Brauðbæ, Þórsögðu 1, kr. 5.000, Tónabíói kr. 12.000 og versluninni Breiðholtskjör kr. 10.000.

Ákærði Ingvar Sigurjón Garðarsson greiði Guðna Einarsyni f. h. söluturns, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, kr. 40.000.

Ákærði Bjarni Leifur, Ingvar Sigurjón og Ólafur Gunnar greiði in solidum Olúfélaginu h/f kr. 30.000, Rammagerðinni kr. 10.000, Hótel Esju kr. 45.000, Olúfélaginu Skeljungi h/f kr. 10.000 og Halldóri Gíslasyni vegna bensinstöðvar Olís við Lyngholt í Garðabæ kr. 20.000.

Ákærðu Bjarni Leifur og Ingvar Sigurjón greiði in solidum Nesti h/f kr. 10.000 og söluturninum Týsgötu 1 kr. 7.445.

Ákærðu Bjarni Leifur og Sigurður greiði in solidum veitingahúsinu H—100, Akureyri, kr. 60.000, Landsbanka Íslands kr. 140.000 og kr. 45.000 með 4.5% vanskilavöxtum af hvorum tveggja fjárhæðunum á mánuði frá 14. janúar 1980 til greiðsludags.

Ákærði Bjarni Leifur greiði kostnað máls þessa að 2/3 hlutum, en hinir ákærðu 1/3 hluta in solidum. Auk þess greiði ákærði Bjarni Leifur kr. 80.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærði Sigurður kr. 60.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.
